

130. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 16. ágúst 2010 kl. 20: 00 á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Þinghúshöfði í Stykkishólmi, deiliskipulagstillaga.
Lögð fram að nýju tillaga af deiliskipulagi við Bókhöðustíg og nyrðri hluta Skólastígs og Höfðagötu sem unnin var af Landlínunum dags. 19.03. 2010.
Deiliskipulagstillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til og með 3. júní s.l. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ólafi S. Ottóssyni og Steinunni Árnadóttur Bókhöðustíg 17 dags. 11.05.'10, Aðalheiði Sigurðardóttur og Guðmundi Lárussyni Skólastíg 4, dags. 27.05.'10, Orkuveitu Reykjavíkur dags. 31.05.'10, Tryggva Gunnarssyni Höfðagötu 7, dags. 31.05.'10, Unni Steinsson og Ásgeiri Ásgeirssyni Skólastíg 8, dags.1.06.'10, Hergard Jensen Skólastíg 10, dags. 1.06.'10, Ingibjörgu Þorvaldsdóttur Bókhöðustíg 9, dags. 2.06.'10, Sigurborgu Sturludóttur og Þorsteini Jónssyni Skólastíg 6, 3.06.'10, Skarphéðni Bergi Steinarssyni Skólastíg 5, dags. 3.06.'10, Ástu Hermannsdóttir og Sindra Ellertsson Csillag dags. 1.06.'10. Einnig er lögð fram umsögn Húsafríðunarnefndar Ríkisins dags. 16. 02.'10.
Farið var yfir athugasemdir hagsmunaaðila. Nefndin leggur til að athugasemdum ásamt umsögn skipulags- og byggingarnefndar dags 16.08.2010, verði vísað til skipulagshöfunda, til frekari úrvinnslu.
2. Narfeyri ehf /Baldur Þorleifsson sækir um að byggja einbýlishús að Skúlagötu 25, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni og Brynjari Daníelssyni dags 15.08.2010, stærðir :116,6 m², 367,7 m³.
Erindi samþykkt.
Gyða vék af fundi undir lið 2 vegna tengsla.
3. Höfðagata 11, að breyta bílskúr í íbúðarherbergi.
Gistiver ehf.kt. 670409- 0660 óskar eftir leyfi til að breyta bílskúr í íbúðarherbergi samkvæmt teikningum dags 12.08.2010.
Erindi samþykkt.
4. Silfurgata 15, klæða hús.
Björn Björnsson sækir um f.h. annarra eigenda hússins að klæða 1. og 2. hæð þess með bárujárnri ,sbr. umsókn 11. 08.2010. Samþykki meðeigenda liggur fyrir.
Erindi samþykkt.

5. Smiðjustígur 2a, auglýsingaskilti.
Pétur Ágústsson sækir um fyrir hönd Sæferða ehf, að setja upp viðbótarskilti á viðbyggingu hússins sbr.tölvupóst dags. 27.07. 2010. Samþykki meðeigenda hússins liggur fyrir.
Erindi samþykkt.
6. Skúlagata 18. Endurnýjun á byggingarleyfi.
Kristján Sigurbjarnarson sækir um endurnýjun á byggingarleyfi frá 2008, sem felst í niðurrifi og endurbyggingu á forstofu og að byggja viðbyggingu aftan við húsið. Einnig hækkun á þaki með kvista- og gluggasetningu , ásamt allhliða endurbótum á húsinu, sbr. teikningar frá Argos ehf, arkitektarstofu Grétars og Stefáns dags. 15. mars, 2008. Stærðir nýbyggingar: 53,3 m², 225,6 m³. Umsögn Húsfriðunarnefndar ríkisins frá 15. mars 2008 liggur fyrir. Byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og nr. 20. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn fyrir eigendum Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og 20.
7. Aðalgata 14, að breyta bílgeymslu í íbúðarrými.
Fyrirspurn frá Hólmgeiri S. Þórsteinssyni um að breyta bílskúr í íbúðarherbergi sbr. tillöguteikningar frá Verkfræðistofu Þráins og Benedikts dags. ágúst 2010.
Tekið er jákvætt í erindið.
8. Önnur mál.
 - a. Smiðjustígur 2a, fyrirspurn um stækkun á glugga.
Fyrirspurn frá Guðmundi J. Amlin um að stækka glugga á vesturhlið hússins.
Tekið er jákvætt í erindið.
 - b. Ásgeir Gunnar leggur fram fyrirspurn f.h. Guðmunds Kristinssonar Hjallatanga 11, hvort að sótt hafi verið um stöðuleyfi fyrir heyrúllustæður við Fákaborg.
Nei það hefur ekki verið sótt um stöðuleyfi fyrir heyrúllustæður. Heyrúllur eru ekki stöðuleyfisskyldar samkvæmt byggingareglugerð.

B.V.